

Hætta að reykja á Hornbjargsvita

Valgeir Skagfjörð, leikari og markþjálfari, stendur fyrir námskeiði í samvinnu við Ferðafélag Íslands, um það hvernig losna má frá nikótín-fíkninni, á Hornbjargsvita í byrjun júlí. „Þarna verðum við að þræuka þessa daga og það þarf ansi mikla skuld-

bindingu að ákveða að fara á hjara veraldar til að takast á við verkefnið að hætta að reykja,“ sagði Valgeir í Morgunblaðinu í síðustu viku. Námskeiðið byggir á því að reykingamaðurinn fari í burtu úr sínu venjulega umhverfi – út fyrir þægindarammann og

takist á við verkefnið ótruflaður. „Þarna getur fólk ekki nálgast neinn varning og það fer enginn út í sjoppu.“ Hugmyndina sækir Valgeir til Halldórs vitavarðar Halldórssonar, sem er skálavörður Ferðafélagsins á Hornbjargsvita.



Hornbjargsviti.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 6. apríl 2017 · 14. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri tilkynnti um sigurvegara Músiktilrauna.

Vestfirskur sigur í músiktilraunum

Katla Vigdís Vernharðsdóttir frá Suðureyri og Ásrós Helga Guðmundsdóttir frá Núpi í Dýrafirði sigruðu Músiktilraunir 2017 en úrslitavöldið fór fram síðastliðinn laugardag. Dúettinn kalla þær Between Mountains. Þær voru einnig valdar söngvarar Músiktilrauna. Hljómsveitin er

ekki gömul, einungis stofnuð fyrir mánuði síðan til að taka þátt í Samvest, undankeppni Samfés söngvakeppninni. Næsta skref hjá þeim stöllum er að spila á Aldei fór ég suður tónlistarhátíðinni, en síðustu ár hefur sigurvegari Músiktilrauna átt fast sæti á hátíðinni.

Katla Vigdís er dóttir Svövu Ránar Valgeirsdóttur og Vernharðs Jósefssonar og Ásrós dóttir Guðmundar Ásvaldssonar og Unnar Bjarnadóttur.

Til gamans má geta að bræður Kötlu Vigdísar sigruðu Músiktilraunir fyrir tveimur árum með hljómsveitinni Rythmatik.

Gull í boðgöngu



Anna María Daníelsdóttir í brautinni á Landsmóti.

Mæðgurnar Hólmfríður Vala Svavarsdóttir og Anna María Daníelsdóttir voru í sveit Skíðafélags Ísfirðinga sem sigraði í boðgöngu á Skíðamóti Íslands á Akureyri um síðustu helgi. Sólveig María Aspelund skipaði sveitina ásamt mæðgunum.

Tími Ísfirðinga var 0:33:09 en Akureyringar urðu í öðru sæti á 0:36:48. Í þeirri sveit voru Bryndís Inda Stefánsdóttir,

Gígja Björnsdóttir og Veronika Lagun.

Sveit Akureyringa sigraði einnig í karlaflokki, ellefta árið í röð. Sveitina skipuðu Ólympíufarinn Brynjar Leó Kristinsson, Vadim Gusev og Gísli Einar Árnason. Tími þeirra var 1:09:16.

Sveit Ísfirðinga varð önnur á 1:10:30 en hana skipuðu þeir Daníel Jakobsson, Dagur Benediktsson og Albert Jónsson.



Hamraborg ehf. • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



með hangikjöti og salati



með roastbeef



með kjúklingasalati



með rækjum og eggjum

alltaf
nýsmurt



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Undanúrslit í Laugardalshöll



Karlalið Vestra í blaki mun keppa í Kjörísbikarnum um næstu helgi. Allir Vestfirðingar sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að fjölmenna á leikinn sem verður í Laugardalshöllinni föstudaginn 7. apríl kl. 20. Þar mætir Vestri Aftureldingu í undanúrslitum og falli leikurinn okkur í hæg er úrslitaleikur sunnudaginn 9. apríl kl. 14:00. Það má segja að liðið hafi komið, séð og sigrað í vetur og komu á dögnum heim með deildarbikarinn í 1. deild Ís-

landsmótsins þar sem sigur þeirra í deildinni var aldrei í hættu. Það getur því allt gerst á föstudaginn.

Þetta verður bikarhelgi hjá blaksambandinu þar sem spilaðir verða undanúrslitaleikir hjá bæði körlum og konum á föstudeginum og úrslitaleikirnir fara fram á sunnudeginum.

Blakdeild Vestra selur helgarpassa í forsölu fram til 4. apríl á kr. 4000 og rennur helmingurinn af upphæðinni til blakdeildarinnar.
Bryndís

Hafsteinn í lokahóp U17



Hafsteinn Már Sigurðsson.
Mynd af facebooksíðu blakdeildar Vestra.

Hafsteinn Már Sigurðsson, 15 ára leikmaður Vestra var valinn í lokahóp U17 landsliðs drengja í blaki sem keppir á Evrópumóti

í Búlgaríu um páskana. Gísli Steinn Njálsson frá Vestra er annar tveggja varamanna sem gætu verið kallaðir til ef eitthvað kemur upp á.

Sóldís Björt Leifsdóttir Blöndal var valin sem varamaður í U16 ára lið stelpna en hún er aðeins nýorðin 13 ára og mjög efnilegur blakari. Stelpurnar keppa á Evrópumóti í Danmörku um páskana.

Allir þessir krakkar æfa í Reykjavík um næstu helgi og svo fara 12 manna hóparnir sem mynda aðalliðin af landi brott í vikunni þar á eftir.

Bryndís



Mariann Rähni við flygillinn í Eldborgarsal Hörpu.

Viðurkenningar fyrir framúrskarandi flutning

Fulltrúar Tónlistarskóla Ísafjarðar og Tónlistarskóla Bolungarvíkur stóðu sig með miklum sóma á lokahátíð Nótunnar í Eldborgarsal Hörpu um síðustu helgi. Flutningur Mariann Rähni úr Tónlistarskóla Bolungarvíkur á vals í e-moll ef Frédéric Chopin var eitt tíu atriða sem fengu sérstaka

viðurkenningu og verðlaunagrip á Nótunni. Dómnefnd Nótunnar verðlaunaði einnig söng Arons Ottós Jóhannssonar á Ol' Man River eftir Roger og Hammerstein en meðleikari hans var Pétur Ernir Svavarsson. Þeir hafa báðir numið við Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Anyar Hrunn Shaddock vann

aðalverðlaunin og telst handhafi Nótunnar 2017. Hún flutti píanóverkið Clair de lune eftir Claude Debussy. Anya er nemandi í Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.

Nótan er uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins og var nú haldin í sjötta sinn.



Kómedíuleikhúsið

Gísli á Uppsölum á páskum

Fimmtudaginn 13. apríl kl. 20:00

Félagsheimilið Þingeyri

Miðasölusími: 891 7025

Aðeins þessi eina sýning

Kómedíuleikhúsið



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1.398
kr. kg

Bónus Hamborgarhryggur
Með beini



3.198
kr. kg

Nautalundir
Þýskaland, frosnar

BONUS
skilar til viðskiptavina
ólöglegri gjaldtöku ríkisins
við útböð á kvóta til
innflutnings á kjöti.



900g

1.179
kr. 900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g, danskar

88%
Kjöt

GOTT VERÐ Í BÓNUS



4x1,5L

995
kr. saman

Coca-Cola kippa og
Nóa Páskaegg nr. 3
4 x 1,5 lítrar



RISAEGG

2.598
kr. 1 kg

Bónus Páskaegg
1 kg



1.359
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt, kryddað



Ferskt
ÍSLENSKT
lambakjöt

1.298
kr. kg

Íslandslamb Lambalæri
Ferskt



379
kr. 200 g

Ragnars Rúllutertubrauð
Frosið, 200 g



Uppþýdd þyngd
400g

798
kr. 400 g

Dögun Lúxus Rækja
Frosin, 400 g



995
kr. 900 g

Macintosh Konfekt
900 g



498
kr. stk.

Fermingarkort
Margar tegundir

BONUS EKKERT BRUÐL



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **9. apríl** eða meðan birgðir endast



Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Aðalfundur

Félag eldri borgara Ísafjarðar og nágrennis, heldur aðalfund fyrir árið 2016 miðvikudaginn 12 apríl klukkan 3 e.h. í félagsheimilinu NAUSTI á Hlíf II.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
 2. Frjálsar umræður.
- Kaffiveitingar.

Stjórnin



Skipulags- og matslýsing fyrir gerð aðalskipulags í Súðavíkurhreppi

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur samþykkt skipulags- og matslýsingu vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Súðavíkurhrepps, skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áhersla verður lögð á eflingu innviða, uppbyggingu atvinnuvega en á sama tíma að auka lífsgæði íbúa.

Þetta verður gert með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og með það að markmiði að skerða ekki mikilvæg náttúru- og menningaverðmæti svæðisins.

Skipulags- og matslýsingin er á heimasíðu Súðavíkurhrepps www.sudavik.is.

Einnig verður skipulags- og matslýsingin til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík, virka daga frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá 31. mars til og með 2. maí 2017.

Ábendingar varðandi skipulags- og matslýsinguna skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa fyrir 2. maí 2017 á heimilisfangið Grundarstræti 3, 420 Súðavík eða á netfangið sudavik@sudavik.is

Skipulagsfulltrúi Súðavíkurhrepps.

Mótmæla áformum Arnarlax



Arnarlax ætlar að færa út kvíarnar og stefnir á 10.000 tonna eldi í Eyjafirði.

Veiði- og stangveiðifélög við Eyjafjörð, átta talsins, mótmæla harðlega áætlun Arnarlax ehf. á Bíldudal um framleiðslu á 10.000 tonnum af frjóum eldislaxi af norsku kyni í Eyjafirði, en Arnarlax gaf nýlega út drög tillögu að matsáætlun sjókvíeldis í firðinum. Nái hún fram að ganga gætu orðið að jafnaði fimm milljónir frjóraxa í sjókvíum í Eyjafirði. Augljós hættu stafar af slíku eldi fyrir veiðiár í Eyjafirði sem og náttúruna í heild, segir í tilkynningu félaganna. Þar segir jafnframt að viðurkennt sé að einn lax sleppi fyrir hvert tonn af laxi sem framleitt er. Samkvæmt því munu um 10.000 laxar sleppa úr kvíum Arnarlax í Eyjafirði á hverju ári sem er tíu til tuttugufalt fleiri laxar en ganga í Fnjóská á hverju ári. Líkurnar á því að laxastofninn í Fnjóská þoli slíkt álag frá framandi stofni eru engar. „Þá stefnir þetta eldi einnig öðrum ám í verulega hættu. Má þar nefna Laxa í Aðaldal, Skjálfandafljót, Fljótaá, Blöndu, Vatnsdalsá og Víðidalsá.“ Veiði- og stangveiðifélögin í Eyjafirði hvetja stjórnvöld til að hafna þessum áformum. Jafnframt hvetja þau sveitarfélög, veiðifélög, smábátasjómenn, veiðimenn og náttúruvinnendur til að mótmæla þessum áformum á öllum stigum. „Fram undan er hörð baráttu til verndar náttúrunni í Eyjafirði,“ segir í niðurlagi tilkynningarinnar.

LÆKNAR
MÆLA MEÐ
HUSK!



NÁTTÚRULYF
Á SÉRILYFJASKRÁ

Náttúrulegar trefjar sem halda
meltingunni í góðu formi

HUSK fæst í apótekum, heilsuþúðum og Fjarðarkaupum

B E.BRIDDE ehf.
ehb@ebriedde.is, www.ebriedde.is



SJÁLFSBJÖRG
LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA

Félagsfundur

Sjálfsbjörg Ísafirði boðar til félagsfundar sem haldinn verður mánudaginn 10. apríl n.k. kl. 16 að Pollgötu 4 (í húsnæði Framsóknarflokksins).

Dagskrá;

1. Reikningar fyrir starfsárið 2016 lagðir fram til kynningar.
2. Kosning fulltrúa á Landsfund Sjálfsbjargar 2017.
3. Önnur mál.

Veitingar

Stjórnin

Þjóðaratkvæði um fram- tíð Reykjavíkurflugvallar

Átján þingmenn úr fjórum flokkum, Sjálfstæðisflokknum, Pírötum, Framsóknarflokknum og Vinstri grænum, hafa lagt fram þingsályktunartillögu um framtíð Reykjavíkurflugvallar en staðsetning flugvallarins í Vatnsmýrinni hefur lengi verið umdeild.

Lagt er til að eftirfarandi spurning verði borin upp:

„Vilt þú að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs verði áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík?“ og svarmöguleikar gefnir „já“ eða „nei“.

Þingsályktunartillagan er endurflutt frá síðasta löggjafarþingi en flutningsmenn voru

þá Ögmundur Jónasson ásamt fleirum. Fjórir þingmenn Norðvesturkjördæmis eru meðal flutningsmanna tillögunnar nú, þau Lilja Rafney Magnúsdóttir, Haraldur Benediktsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Elsa Lára Arnardóttir.

Samkvæmt greinargerð með þingsályktunartillögunni er markmið hennar að þjóðin fái að hafa áhrif á staðsetningu miðstöðvar innanlands- og sjúkraflugs í nágrenni framtíð. Þar er einnig sagt ljóst að flugvöllurinn og staðsetning hans gegni mikilvægu öryggishlutverki fyrir almenning.



Vélamaður á Ísafirði

Starf vélamanns hjá þjónustustöðinni á Ísafirði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið:

- Viðhald, þjónusta og nýbyggingar vega á starfssvæði Vegagerðarinnar á Ísafirði

- Ýmis vinna í starfssstöð á Ísafirði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Almenn grunnnám
- Almenn ökuréttindi, meirapróf er æskilegt
- Vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vegheflun er æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur R. Björgvinsson í síma 522-1661

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 25. apríl 2017. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um menntun og hæfni umsækjenda m.t.t. þeirra hæfniskrafa sem gerðar eru.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Höfum burði til að vera öflug fiskeldisþjóð



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

„Ég hef hvatt fiskeldisfyrirtækin til að kunna sér hóf. Það þarf að byggja greinina upp á ábyrgan hátt og ekki líta á vöxtinn sem kapphlaup. Ef skynsemin ræður ferðinni, reglurnar eru skýrar og ekki vaðið fram þá höfum við alla burði til að gera Ísland að mjög öflugri fiskeldisþjóð. Við þurfum ekki að finna upp hjólið og getum lært mikið af Norðmönnum og þeim stífu reglum og ströngu kröfum um að búað í fiskeldi sem þar gilda“

Þetta segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samtali við 200 mílur, sjávarútvegsblað Morgunblaðsins í síðustu viku.

„Eins og staðan er í dag þurfum við að fá skýrari sýn á framtíð fiskeldis á Íslandi. Gera þarf mjög ítarlegar kröfur umhverfisvernd og ábyrgan vöxt. Fiskeldið má alls ekki skaða lífríkið í fjörðunum og alls ekki skemma villta stofna auk þess að eðlilegt

er að gera kröfu um auðlindagjald í einhverju formi,“ segir sjávarútvegsráðherra í viðtalinu.

Í samtali við 200 mílur segir sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra ennfremur æskilegt að gjaldið renni að miklu eða öllu leyti til þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er rekið.

„Norðmenn líta svo á að þeir hafi gert mistök með því að láta þau gjöld sem tekin voru af fiskeldinu ekki skila sér í meira mæli til þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið fer fram“, segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför

Soffíu Ingimarsdóttur


Skólagötu 8, Ísafirði
sem lést þann 26. mars.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ingimar Baldursson
Sigurlaugur Baldursson
Anna Baldursdóttir
Ólafur Baldursson
Þóra Baldursdóttir

Guðrún Ásgeirsdóttir
Margrét Rakel Hauksdóttir
Ólafur Prebensson
Ragnhildur Ágústsdóttir
Halldór Holt

barnabörn og barnabarnabörn.



SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN

Sviðslistaverk um lífsgæði og lífsgildi

Skírdag 13. apríl

BOLUNGARVÍK

Miðasölusíminn er 868-3040

f @sidastakvoldmaltid

EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ISL

MEYNTA OG
MENNINGARLÍKA SÍÐUNYTTIÐ

Opið frá sólarupprás til sólarlags
Enginn aðgangseyrir



Sportið í beinni
fimmtudagur 6. apríl

19:00 Augusta Masters - Golf
19:05 Keflavík - Skallagrímur
föstudagur 7. apríl
18:30 KR - Keflavík
18:35 QPR - Brighton
19:00 Augusta Masters - Golf
19:00 MD 2017: Lokakvöld -
Tölt T1 og flugskeið
00:00 Hstn Rockets - Dtrt Pistons
04:55 Formúla 1: Æfing - Kína
laugardagur 8. apríl
07:50 Formúla 1: Tímat. - Kína
11:20 Tottenham Hotsp - Watford
13:50 Stoke City - Liverpool
13:50 W Ham Utd - Swansea C
13:50 Middlesbr - Burnley
13:50 Man City - Hull City
13:50 WBA - Southampton
14:10 R Madrid - Atl Madrid
15:45 Stjarnan - Grindavík
16:20 Bournemouth - Chelsea
16:25 B Munchen - B Dortmund
18:00 Domino's körfuboltakv
19:00 Augusta Masters - Golf
21:00 AK Extreme 2017
02:00 UFC 210: Cormier/Johnson
sunnudagur 9. apríl
06:30 Formúla 1: Keppni - Kína
10:00 Granada - Valencia
12:20 Sunderland - Man Utd
13:25 Hertha Berlin - Augsburg
14:50 Everton - Leicester City
16:00 Lengjubikarinn - 8 liða úrslit
16:20 Stjarnan - Snæfell (ef þarf)
18:00 Augusta Masters - Golf
mánudagur 10. apríl
18:50 Crystal Palace - Arsenal
19:05 Skallagr - Keflavík (ef þarf)
21:00 Messan
þriðjudagur 11. apríl
18:30 Bor Dortmund - Monaco
18:30 Keflavík - KR (ef þarf)
18:30 Juventus - Barcelona
20:45 Meistaramörkin
21:00 Domino's körfuboltakv

Dagar Íslands
6. apríl 1941:

Lengsti þorskur sem vitað var um að veiðst hefði á Íslands-miðum var dreginn úr Miðnes-sjó. Hann var 181 cm á lengd.

Helgarveðrið
Á föstudag:

Suðaustan 8-15 m/s, víða rigning og hiti 3 til 8 stig, en slydda eða snjócoma fram eftir degi NA-lands og hiti nálægt frostmarki.

Á laugardag:

Norðaustan 8-15 m/s og rigning eða slydda NV-til. Annars hæg suðlæg átt og dálítill rigning, en yfirleitt þurrt á NA- og A-landi. Hiti 1 til 7 stig.

Á sunnudag:

Norðanátt og snjócoma eða él N-til á landinu, en léttskýjað S-lands. Kólnandi veður.

Krossgátan



		GRUND-VALLA	PILLA	ELDHÚS-ÁHALD		DRAUP	GAGN	SMÁMJAKA
	SYLLUR							
	FATAEFNI			ÁI				
				ÓRÓLEG				
	EINELTI							
	REKALD				KLAFI			
					RISTIR			
	↓	HINDRA	Í RÖÐ	ÁTT	HLEYPA			
				BLEKKING	ÝKJUR			
EYJA Í EVRÓPU					PAPPÍRS-BLAÐ		HITA	FITA
					EYRIR			
ÚTMÁ				FRÆGÐAR-VERKS				
				TEMUR				
TVEIR EINS			KER			AR		
			LÓ			SAKEYRIR		
STRUNS				JURT			ÁTT	
				AF-HENDING			FJÚK	
FJASA					BJARGA			
					FUGL			
		LISTI				SLABB		
		ÓNYTJUNG-UR				ÁFORM		
TRÉ				FYRIR-GANGUR			OFNEYSLA	STJÓRNA
				BRÝNA				
Á FÆTI			ENDIR			DRULLA		
			ÞREP			ERGJA		
YFIRGAF				LÆKKA			HLJÓTA	
				TVEIR EINS			TVEIR EINS	
HLUTDEILD					YFIRRÁÐ			
PILA					KROPPA			

ENDURSKOÐUN

VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði

www.verkvest.is

VERK VEST

Á döfinni – Viðburðadagatal

Viðburðadagatal Bæjarins besta er nýr farvegur til að koma upplýsingum um menningarviðburði eða fundi á framfæri við íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Hvar og hvenær það er sem skiptir máli og á vefnum má svo finna ítarlegri upplýsingar um viðburðina.

Viðburðadagatal Bæjarins besta er nýr farvegur til að koma upplýsingum um menningarviðburði eða fundi á framfæri við íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Hvar og hvenær það er sem skiptir máli og á vefnum má svo finna ítarlegri upplýsingar um viðburðina.				fim. 6. apríl	fös. 7. apríl Töfraflauta Mozarts: Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík Edinborgarsalur kl 19:30 Miðasala: midi.is	lau. 8. apríl Vinir í von Leonard Cohen: A Memorial Tribute Edinborgarsalur kl 22:00 húsið opnar kl 21:00. Miðasala: fix.is
sun. 9. apríl	mán. 10. apríl	þri. 11. apríl	mið. 12. apríl Let it be: Bítla heiðurstónleikar Edinborgarsalur kl 21:00. fix.is	fim. 13. apríl Skírdagur Let it be: Bítla heiðurstónleikar Edinborgarsalur kl 21:00. fix.is	fös. 14. apríl Föstudagurinn langi Páll Óskar - Barnaball Edinborg síðdegis frítt inn. Páll Óskar - Ball 00:00-04:00 kr. 3.000	lau. 15. apríl Aron Can og Emmsjé Gauti Edinborg - ball 00:00 til 3:00
sun. 16. apríl Páskadagur Apollo og Eypór Ingi Edinborg ball 00:00-04:00	mán. 17. apríl Annar í páskum	þri. 18. apríl	mið. 19. apríl Richard Andersson trio: Útgáfutónleikar Rögnvaldarsalur kl 20:00	fim. 20. apríl Sumardagurinn fyrsti	fös. 21. apríl	lau. 22. apríl Vinir í von
sun. 23. apríl	mán. 24. apríl	þri. 25. apríl	mið. 26. apríl	fim. 27. apríl  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 28. apríl	lau. 29. apríl
sun. 30. apríl	mán. 1. maí	þri. 2. maí	mið. 3. maí	fim. 4. maí	fös. 5. maí	lau. 6. maí
sun. 7. apríl	mán. 8. maí	þri. 9. maí	mið. 10. maí	fim. 11. maí  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 12. maí	lau. 13. maí

Lausn á síðustu krossgátu

		RIKI Í AFRIKU	BADA	PÓLA	STRÍÐNI		ILLERI	BORÐA
	BLÓM	A	L	P	A	R	Ó	S
	BOLI	N	A	U	T	UTAN	Á	N
						BINDA		
	ALMÆTTI	G	U	Ð	GARMUR	H	R	Æ
					LITUR			
	ÓPURT	Ó	G	A	G	N	TVEIR EINS	Ð
	JURT							
	HALDAST	FÓSTRARÚN	A	L	A	HRÍNA	R	Ý
						BLAÐUR	T	A
HRÝGGJA	S	T	Ú	R	A	SYKRAD	S	Æ
						HERKVÍ	T	
SVÖRÐUR	T	O	R	F	ELSKA	U	N	A
					LÚKA			UMDÆMIS
DRYKKUR	Ö	L	I	L	M	A	N	L
								Ó
KJAFI	K	L	Ó	ÞRÁ	Ó	S	K	S
								É
ÓVILD	K	A	L	ÓFRÓÐUR	F	Á	K	Æ
				MÁLUD	N			N
	P	SKOÐUN	Á	L	I	T	TEIKNI- BLEK	T
		LANGIN- TES					UMGERÐ	Ú
HÓFDÝR	A	S	N	I	SELUR	U	R	T
					GÁSKI	A		Æ
TVEIR EINS	L	L	Æ	T	Æ	R	A	TRÉ
								HLJÓM
STUTTUR	L	Á	G	U	R	SJERA	M	E
								I
YNDIS	U	N	A	Ð	S	HÁLFNADUR	M	I
								Ð
BEIN	R	I	F	KEPPNI	L	E	I	K
								U

Dagar Íslands

8. apríl 1957:
49 punda stórlax veiddist í þorskanet við Grímsey. Þetta var stærsti lax sem menn vissu til að veiðst hefði við Ísland.
9. apríl 1911:
Þingeyrarkirkja var vígð.
9. apríl 1942:
Tveir Íslendingar og 22 Norðmenn fórust með norska skipinu Fanefeld á leið frá Bíldudal til Ísafjarðar.

Sudoku þrautir

		4				2		8
1	2			9		5	6	
			3	6	2			
					6		2	
		2			4			
9						6	3	
2		8				7		4
3		5						
4								2

				8	5			
				7			3	8
							4	6
					9	2	8	
2	6		8				4	1
	8		1				7	
3	2	5	6	4				1
6		8	9					
7		9					3	8

FERMINGARGJAFIR #AMEN



Heyrnartól Super Style
VILDARVERÐ: 5.249.-
Verð áður: 6.999.-




Práðlausi hátalari
með hljóðnema
VILDARVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 9.999.-




CROSS Star Wars pennar
VILDARVERÐ: 4.499.-
Verð: 5.999.-



Gæfuspor
gildin í lífinu
Verð: 2.999.-



Íslenskar þjóðsögur
TILBOÐSVERÐ: 6.699.-
Verð áður: 7.899.-



Vísindabókin
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 6.499.-



Hnattlíkan með merkipinum
VILDARVERÐ frá: 4.999.-
Verð frá: 3.499.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 9. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.